

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 239/2020**

**frá 30. desember 2020**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2108 frá 16. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar heilbrigðismerkið sem nota skal á tiltekið kjöt sem er ætlað til manneldis í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2196 frá 17. desember 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2110 frá 16. desember 2020 um breytingu á C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar sjúkdómalausna stöðu Breska konungsríkisins, að því er varðar Norður-Írland, með tilliti til tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2111 frá 16. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar vísun til Breska konungsríkisins, að því er varðar Norður-Írland, um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda um Liechtenstein meðan ákvæði sammings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda um Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 434, 23.12.2020, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 14.

## TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/627) í II. kafla:  
„, breytt með:  
– **32020 R 2108**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2108 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 89. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB) í hluta 4.2 í I. kafla:  
„– **32020 D 2110**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2110 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 10).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla:  
„– **32020 D 2111**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2111 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 14).“

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008):  
„– **32020 R 2196**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2196 frá 17. desember 2020 (Stjtið. ESB L 434, 23.12.2020, bls. 31).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 164k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627):  
„, breytt með:  
– **32020 R 2108**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2108 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 1).“

### 3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/2108 og (ESB) 2020/2196 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2020/2110 og (ESB) 2020/2111, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

---

\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
formaður.*

***Sabine Monauni***

ÓOPINBER ÞÝÐING